

I EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA
3. EFTA-dómstóllinn

III EB-STOFNANIR

1. Ráðið
2. Framkvæmdastjórnin

94/EES/14/01	Tilkynning um sameiginlegt verkefni (Mál IV/35.074 - Aylesford Newsprint Joint Venture)01
94/EES/14/02	Tilkynning um sameiginlegt verkefni (Mál nr. IV/35.046 - Camelot Group plc)02
94/EES/14/03	Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.469 - MSG Media Service)03
94/EES/14/04	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.440 - GE/ENI/Nuovo Pignone (II))04
94/EES/14/05	Ríkisaðstoð - nr. C 16/94 (N 550/93) - Ítalía04

94/EES/14/06	Ríkisaðstoð - nr. C 17/94 (NN 102/93) (N 335/91 og N 337/92) - Ítalía05
94/EES/14/07	Ríkisaðstoð - C 14/94 (NN 36/93) - Þýskaland05
94/EES/14/08	Auglýsing samkvæmt 3. mgr. 19. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62 varðandi mál nr. IV/34.768 - International Private Satellite Partners05
94/EES/14/09	Listi yfir lánastofnanir sem kveðið er á um í 7. mgr. 3. gr. og 2. mgr. 10. gr. tilskipunar 77/780/EEB06
94/EES/14/10	Auglýsing um skipulagningu á opnum hæfnisprófum06
94/EES/14/11	Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin birtir í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins07
94/EES/14/12	Tilkynning um sameiginlegt verkefni (Mál nr. IV/35.067)08

3. Dómstóllinn

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um sameiginlegt verkefni

94/EES/14/01

(Mál IV/35.074 - Aylesford Newsprint Joint Venture)

1. Framkvæmdastjórninni barst 11. 5. 1994, samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62⁽¹⁾, tilkynning um sameiginlegt verkefni á sviði dagblaðapappírsmánaðar milli Svenska Cellulosa Aktieföretaget („SCA”) og Mondi European Holdings Limited („MEH”). Fyrirtækið um sameiginlegt verkefni, sem er þekkt undir heitinu Aylesford Newsprint Holdings Limited og hefur heildaryfirráð yfir þremur dótturfyrirtækjum, Aylesford Newsprint Limited, Aylesford Limited og West Mill Limited, mun viðhalda og þróa starfsemi Aylesford á sviði dagblaðapappírsmánaðar sem áður var í eigu SCA; ný dagblaðapappírsvél þar sem eingöngu endurunnar trefjar eru notaðar, og tengd aðstaða, þar með talinn húsa- og tækjakostur fyrir endurunnar trefjar, verður sett upp og þróuð og síðar verður unnt að endurnýja núverandi dagblaðapappírsvél. Tengdir samningar taka til fjárfestingarfyrirkomulags, fyrirkomulags varðandi leyfi vegna sameiginlegs verkefnis, fyrirkomulags varðandi söluskrifstofu og markaðssetningu og varðandi öflun úrgangspappírs.
2. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að sameiginlega verkefnið sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins nr. 17/62.
3. Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmunum að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi aðgerðina á framfæri við sig.

Athugasemdir skulu hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB (Stjtið. EB nr. C 163, 15.6.1994). Athugasemdirnar skulu sendar til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr. 32/2/296 42 73) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/M.35.074) og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities
Directorate General for Competition (DG IV)
Directorate C
Office 2/86
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. 13, 21.2.1962, bls. 204.

Tilkynning um sameiginlegt verkefni**94/EES/14/02****(Mál nr. IV/35.046 - Camelot Group plc)**

1. Framkvæmdastjórninni barst 4. maí 1994 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62⁽¹⁾ um sameiginlegt verkefni þar sem hlut eiga að máli GTECH U.K. Limited, GTECH Corporation, International Computers Limited, De La Rue plc, Thomas De La Rue and Company Limited, Cadbury Schweppes Public Limited Company, Racal Electronics Plc og Racal Network Services Limited. Camelot Group plc hefur verið valið, úr hópi þeirra umsækjenda sem sóttu um að fá leyfi, til að starfrækja landshappdrættið (National Lottery) í Breska konungsríkinu.
2. Starfsemi viðkomandi fyrirtækja:
 - GTECH U.K Limited og GTECH Corporation: hönnun, framleiðsla, uppsetning og rekstur beintengds happdrættiskerfis fyrir leikjasamtök um allan heim sem hlotið hafa viðurkenningu stjórnvalda,
 - International Computers Limited: afhending hugbúnaðartækja, þjónusta á sviði upplýsingartækni og tölvuvélbúnaður,
 - De la Rue plc og Thomas De la Rue and Company Limited: prentun verðbréfa,
 - Cadbury Schweppes public limited company: framleiðsla og sala á vörumerktu sælgæti og drykkjarvörum. Samkvæmt fyrirkomulagi sameiginlega verkefnisins hefur Cadbury Schweppes rétt á að auglýsa nafn sitt eða vörur í tengslum við eða í sambandi við hvern útdrátt eða annan atburð hvers konar er varðar landshappdrættið sem á að sjónvarpa, með fyrirvara um að hafa náð samningi um greiðslur við Camelot. Camelot er einnig skylt að gæta hófs í viðleitni sinni til að fá smásala til að nota útstillingareiningu sem Cadbury Schweppes útvegar fyrir happdrættistölvuna og stilla út hinu vörumerkta sælgæti Cadbury Schweppes. Þó eru smásalar ekki samningsbundnir til að nota slíka útstillingareiningu eða stilla út vörumerktu sælgæti Cadbury Schweppes og ekki verður komið í veg fyrir að þeir noti útstillingareiningar eða stilli út vörum annarra sælgætisframleiðenda.
 - Racal Electronics Plc: viðskiptasamskipti og iðnaðarþjónusta,
 - Racal Network Services Limited: birgir fyrir stýrð þjónustunet.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að viðskiptin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins nr. 17/62.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir skulu hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu. Unnt er að senda athugasemdirnar til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/35046 - Camelot, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities
Directorate General for Competition (DG IV)
Office 3/62
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels.

(Bréfasímanr. : 32-2-296/27/22)

(¹) Stjtið. EB nr. 13, 21.2.1962, bls. 201/62.

ÍSLENSK ÚTGAFA

Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram**94/EES/14/03****(Mál nr. IV/M.469 - MSG Media Service)**

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EBE) nr. 4064/89

1. Framkvæmdastjórninni barst 6.6.1994 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem þýsku fyrirtækin Bertelsmann AG, Deutsche Bundespost Telekom og Taurus Beteiligungs GmbH sem tilheyrir Kirch-samstæðunni öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, sameiginleg yfirráð yfir MSG Media Service GmbH með hlutabréfakaupum í nýstofnuðu félagi sem leiðir til fyrirtækis um sameiginlegt verkefni.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
 - Bertelsmann AG: bóka- og tímaritaútgáfa, bókaklúbbar, prentun, tónlistarfyrirtæki, auglýsingasjónvarp.
 - Deutsche Bundespost Telekom: annast opinbera fjarskiptaþjónustu í Þýskalandi.
 - Kirch-samstæðan: birgir fyrir leiknar kvikmyndir og sjónvarpsþætti, auglýsingasjónvarp.
 - MSG Media Service: stjórnsýslu- og tækniþjónusta við þjónustuaðila fyrir áskriftarsjónvarp og þá sem annast annars konar þjónustu í tengslum við sjónvarpsfjölmiðlun.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir skulu hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjttíð. EB (Stjttíð. EB nr. C 160, 11.6.1994). Athugasemdirnar skulu sendar til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr. 32/2/296 43 01) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/ M.469 - MSG Media Service, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities
Directorate General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 395 frá 30.12.1989. Leiðrétting: Stjttíð. EB nr. L 257 frá 21.9.1990, bls. 13.

Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu**94/EES/14/04****(Mál nr. IV/M.440 - GE/ENI/Nuovo Pignone (II))**

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EBE) nr. 4064/89

Framkvæmdastjórnin ákvað 6.5.1994 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities
Directorate General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels.

Bréfasímanr.: 32/2/296 43 01

**Ríkisaðstoð
Nr. C 16/94 (N 550/93)
Ítalía****94/EES/14/05**

Framkvæmdastjórnin hefur hafið málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 93. gr. EBE-sáttmálans að því er varðar aðstoðaráætlunina sem Ítalía lagði til vegna fjárhagslegrar enduruppbyggingar á landbúnaðar-samvinnufélögum (sjá nánari útlitun í Stjútö. EB nr. C 159, 10.6.1994).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með öðrum aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar við:

Commission of the European Communities
Rue de la Loi 200
B-1049 Brussels.

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Ítalíu.

Ríkisaðstoð
Nr. C 17/94 (NN 102/93) (N 335/91 og N 337/92)
Ítalía

94/EES/14/06

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðina sem Ítalía veitti Recupero metalli da fumi e polveri, Processi siderurgici ausiliari (Ito), Unità sviluppo nuove produzioni, Titania Spa, Centro trattamento banda stagnata, Centro lavorazione lamiere, Centro di servizi inox, Scuola sviluppo e formazione informatica, Pezzi Speciali curvi e calandrati offshore, Rivestimenti per tubi per acquedotti, SIDERCAD Sud og Centro per sabbiatura e verniciatura. Að auki hefur framkvæmdastjórnin hafið málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 93. gr. EBE-sáttmálans að því er varðar aðstoðina sem var veitt Tubificio di Terni S.p.A. og Iniziativa per la produzione di nuova gamma di Tubi per off-shore (sjá nánari útlístun í Stjttf. EB nr. C 159, 10.6.1994).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með öðrum aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar við:

Commission of the European Communities
 Rue de la Loi 200
 B-1049 Brussels.

Ríkisaðstoð
C 14/94 (NN 36/93)
Þýskaland

94/EES/14/07

Framkvæmdastjórnin hefur lokið málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 93. gr. EBE-sáttmálans að því er varðar aðstoð sem Þýskaland veitti Leuna AG vegna framleiðslu og sölu á Caprolactam (sjá nánari útlístun í Stjttf. EB nr. C 162, 14. 6. 1994).

Auglýsing samkvæmt 3. mgr. 19. gr. reglugerðar **94/EES/14/08**
ráðsins nr. 17/62⁽¹⁾ varðandi mál nr. IV/34.768 - International Private
Satellite Partners

Í máli nr. IV/34.768 - International Private Satellite Partners (IPSP), hefur framkvæmdastjórnin í hyggju að taka jákvæða afstöðu til IPSP samkvæmt 53. gr. sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið. Hún hefur birt útdrátt úr viðeigandi tilkynningu í Stjttf. EB nr. C 159, 10.6.1994 samkvæmt 3. mgr. 19. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62. Málið varðar stofnun félags um sameiginlegt verkefni, International Private Satellite Partners, sem veitir fjölþjóðlegum félögum í Norður-Ameríku og Evrópu fjarskiptabjónustu á sviði alþjóðaviðskipta í gegnum gervihnött. Aðilar sem hlut eiga að máli eru: Orion Satellite Corporation, sem ber ótakmarkaða ábyrgð, og Orion Network Systems, British Aerospace Communications, COM DEV Satellite Communications Ltd., General Dynamics Commercial Launch Services, Kingston Communications International Ltd., MCN Sat US, STET- Società Finanziaria Telefonica per Azioni og Trans-Atlantic Satellite Inc., sem bera takmarkaða ábyrgð.

Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma athugasemdum sínum á framfæri innan eins mánaðar frá birtingu auglýsingarinnar í Stjttf. EB, undir tilvísunarnúmeri IV/34.768 - IPSP, við:

Commission of the European Communities
 Directorate General for Competition
 Directorate for Restrictive Practices, Abuse of
 Dominant Positions and other Distortions of Competition I
 Rue de la Loi 200
 B-1049 Brussels.

⁽¹⁾ Stjttf. EB nr. L 395, 30.12.1989. Leiðrétting: Stjttf. EB nr. L 257, 21.9.1990, bls. 13.

**Listi yfir lánastofnanir sem kveðið er á um
í 7. mgr. 3. gr. og 2. mgr. 10. gr. tilskipunar 77/780/EBE**

94/EES/14/09

Framkvæmdastjórnin birti lista yfir lánastofnanir sem kveðið er á um 7. mgr. 3. gr. og 2. mgr. 10. gr. tilskipunar 77/780/EBE (staða 31. desember 1992), fjórtánda útgáfa, í Stjtið. EB nr. C 156, 7.6.1994. Listinn tekur til lánastofnana í ESB-löndunum: Belgíu, Danmörku, Þýskalandi, Grikklandi, Spáni, Frakklandi, Írlandi, Ítalíu, Lúxemborg, Hollandi, Portúgal og Breska konungsríkinu. Listann er unnt að fá hjá söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna (verð 48 evrópskar mynteiningar (ECU)).

EVROPUÞINGIÐ - FRAMKVÆMDASTJÓRN EB - DÓMSTÓLLINN -
ENDURSKOÐUNARRÉTTURINN - EFNHAÐS- OG FÉLAGSMÁLANEFNDIN

Auglýsing um skipulagningu á opnum hæfnisprófum

94/EES/14/10

Framantaldar stofnanir skipuleggja eftirtalin opin hæfnispróf fyrir:

EUR/LA/39:	aðstoðarþýðendur (sænska)
EUR/LA/40:	þýðendur (sænska)
EUR/LA/42:	aðstoðarþýðendur (finnska)
EUR/LA/43:	þýðendur (finnska)
EUR/LA/45:	aðstoðarþýðendur (norska)
EUR/LA/46:	þýðendur (norska)
EUR/C/51- EUR/C/38:	vélritara (norska)
EUR/C/52- EUR/C/36:	vélritara (sænska)
EUR/C/53- EUR/C/37:	vélritara (finnska)

Auglýsingar um hæfnispróf (á sænsku, norsku og finnsku) og umsóknareyðublöðin eru fánleg:

fyrir hæfnisprófin EUR/LA/42, EUR/LA/43, EUR/C/36, EUR/C/37 og EUR/C/38 hjá:

European Parliament
Recruitment Department
Plateau du Kirchberg
BAK 222 or 226
L - 2929 Luxembourg

og fyrir öll önnur hæfnispróf hjá:

Info Recruitment
41 rue de la Science
B - 1049 Brussels

Lokafrestur til að skila inn umsóknum rennur út 22.7.1994.

ÍSLENSK ÚTGÁFA

**Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin birtir í 94/EES/14/11
Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins**

Kóði	Titill	Birting í Stjttð. EB
COM(94) 146	Breytt tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um að koma á bandalagskerfi fyrir veitingu fiskveiðileyfa	Stjttð. EB nr. C 152, 3.6.1994
COM(94) 95	Breytt tillaga að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um að breyta í þrettánda sinn tilskipun 76/769/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslu-fyrirmælum aðildarríkjanna varðandi takmörkun á markaðssetningu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnasambanda	Stjttð. EB nr. C 157, 8.6.1994
COM(94) 192	Breytt tillaga að ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins um að koma á upplýsingakerfi innan bandalagsins um slys í heimahúsum og frístundum	Stjttð. EB nr. C 157, 8.6.1994
COM(94) 59	Tillaga að reglugerð ráðsins (EB) varðandi áætlun bandalagsins um fjárhagsaðstoð til að efla tækni á sviði orkumála í Evrópu 1995-1998 („Thermie-II”)	Stjttð. EB nr. C 158, 9.6.1994
COM (93) 523	Tillaga að ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins um að samþykkja áætlunina „Æska í Evrópu III” sem stuðlar að þróun ungmennaskipta og æskulýðsstarfs innan bandalagsins - Áætlunin „Æska í Evrópu”	Stjttð. EB nr. C 160, 11.6.1994
COM(94) 182	Tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 2930/86 um skilgreiningu á eiginleikum fiskiskipa	Stjttð. EB nr. C 160, 11.6.1994

Tilkynning um sameiginlegt verkefni**94/EES/14/12****(Mál nr. IV/35.067)**

1. Framkvæmdastjórninni barst 11. 5. 1994, samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62⁽¹⁾, tilkynning um sameiginlegt verkefni í formi skráðs félags sem er myndað af Massey Ferguson S.A. og Renault Agriculture S.A. Þetta nýja félag mun þróa, framleiða og selja félögunum gírskiptingar fyrir ákveðna tegund dráttarvéla. Hvor félagi mun markaðssetja dráttarvélar sínar undir eigin vörumerki og í gegnum eigið dreifingarkerfi.
2. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að sameignarfélagið sem tilkynnt hefur verið um svo og samningur þar að lútandi geti fallið undir gildissvið reglugerðar nr. 17/62.
3. Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir skulu hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjttíð. EB nr. C 165, 17.6.1994. Athugasemdirnar skulu sendar til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr. 32/2/296 98 08) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/35.067, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B
Office 3/108
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. 13 frá 21.2.1962, bls. 204/62.

ÍSLENSK ÚTGÁFA